

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, miðvikudaginn 14. október 2015 á Kjóavöllum.

11. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Lárus Finnbogason, Hermann Vilmundarson, Sigurður Tyrfingsson og Magnús Benediktsson framkv.stj. Kristín Njálisdóttir, Ólafur Blöndal og Ragna Emilsdóttir boðuðu forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Gjaldkeri fór yfir stöðu fjármála hjá félaginu. Bæjarfélögin eru búin að greiða styrki. Vanskil félagsmanna eru óveruleg. Fyrirspurn frá Hermanni til gjaldkera/framkvæmdastjóra: Hver er innkoma lykla af reiðhöll á þessu ári ?
3. Undirbúningur aðalfundar er hafinn. Gjaldkeri er að klára tímabilið 1. okt. – 31. sept. Tilbúið fyrir aðalfund. Stjórnarkjör/Kosningar: Á næsta aðalfundi verður stjórnarkjör, rætt var um framboð til stjórnar. Kosið verður um formann og 3 sæti í stjórn (Lárus, Kristín og Ólafur)
4. Framkvæmdastjóri gerði stjórn grein fyrir stöðu mála. Reksturinn gengur sinn vanagang, allt í góðum málum. Bókun veislusalar góð. Dagskrá næstu vikna, engir viðburðir á næstunni fyrir utan auglýsta dagskrá. Framkvæmdastjóri vill brýna fyrir mönnum umgengni reiðhallar og frágangi tjalda !
5. Formannafundur LH - 6. nóvember n.k.
6. Æskulýðsráðstefna LH – 7. nóvember n.k Arnhildur og Lilja mæta fyrir hönd Sprettis.
7. Vallarmál rafmagn o.fl. Laga þarf niðurföll á svæðinu og fara yfir rafmagn ! Steini fengin í verkið !
8. Æskulýðsskýrsla fyrir 23. október.
9. Nefndarkvöldið 30 október n.k: Íterka nefndarkvöldið við formenn nefnda og kynna kvöldið á netinu. Ákveðið að bjóða öllum þeim sem starfað hafa í nefndum félagsins og sjálfboðaliðum sem starfað hafa fyrir félagið ! Fyrirkomulagið verður eins og á síðasta ári.
10. Íþróttafólk Sprettis: Ítreka þarf auglýsingu á netinu um að skila tilnefningum fyrir 5. nóv. n.k
11. Lokaútekt hússins: Ekki hefur náðst í aðila á fund.
12. Önnur mál: Árshátíð Mána, 50 ára afmæli. Samþykkt að þyggja boð um að fulltrúi Sprettis mæti í afmælið og að gefa félaginu gjöf, stytta af hesthöfði. Hermann mætir fyrir hönd Sprettis og Sigurður til vara.
Stella úr stjórn LH mætti kl. 19.00. Rædd var ráðstefna LH um framtíð Landsmóta o.fl.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Sigurður Tyrfingsson